

Safnahús Borgarfjarðar

Ársskýrsla 2022



BORGARBYGGÐ

ÁRSSKÝRSLA 2022

SAFNAHÚSS BORGAFJARÐAR

1 Safnahús

- 1.1 Almenn
- 1.2 Fjárhagur
- 1.3 Starfsmannamál
- 1.4 Vörslumál
- 1.5 Öryggismál

2 Héraðsbókasafn Borgarfjarðar

- 2.1 Tölulegar upplýsingar
- 2.2 Safnkostur og grisjun
- 2.3 Helstu verkefni og viðburðir

3 Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar

- 3.1 Tölulegar upplýsingar
- 3.2 Helstu verkefni, viðburðir og miðlun
- 3.3 Aðföng á Héraðsskjalasafnið árið 2022

4 Munasafn

- 4.1 Tölulegar upplýsingar
- 4.2 Safnkostur
- 4.3 Helstu verkefni og viðburðir

5 Lokaorð



BORGARBYGGÐ

1. Safnahús Borgarfjarðar

1.1. Almenn um starfið á árinu 2022

Í Safnahúsinu undir einni stjórn starfa fimm söfn: Byggðasafn Borgarfjarðar, Héraðsbókasafn Borgarfjarðar, Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar, Náttúrugripasafn Borgarfjarðar og Listasafn Borgarness. Í starfsemi hússins er menningarstefna Borgarbyggðar höfð að leiðarljósi og áhersla lögð á lifandi starfsemi, fræðslu og miðlun.

Frá ársbyrjun 2022 og fram eftir vetri má segja að ákveðin lægð hafi verið í sýninga og viðburðarhaldi í Safnahúsinu enda gætti ennþá áhrifa Covids og samkomutakmarkanir í einhverri mynd voru í landinu til 25. febrúar. Tekin var ákvörðun um að taka niður fasta sýningu byggðasafnsins *Börn í 100 ár* sem staðið hafði frá 2008. Í framhaldi tók við vinna að ganga frá munum sem höfðu verið á sýningunni og hlúa að þeim eftir 14 ára samfelda veru á sýningunni. Mikið fjöldi listaverka sem verið höfðu í útleigu á bæjarskrifstofum Borgarbyggðar komu úr leigu og þurfti sömuleiðis mikillar aðhlynningar vegna myglu sem herjaði á húsnæðið þar sem þau voru. Fengin var ráðgjöf frá Listasafni Íslands hvernig best væri að hreinsa þau. Með hækkandi sól fór viðburðum á vegum Safnahússins að fjölga og í heildina 20 viðburðir stórir og smáir sem Safnahúsið og söfn þess stóðu fyrir.

Viðburðir á vegum Safnahúss og safna þess voru eftirfarandi árið 2022:

- 08.02. Síðasti sýningar dagur *Börn í 100 ár*.
- 20.04. -19.08 *Hennar voru spor* – Sýning á handverki úr safnkosti byggðasafns.

Sýningarstjóri Katrín Jóhannesdóttir.

- 17.06. Þjóðhátíðardagurinn í Safnahúsinu, sér opnun og leiðsögn um sýninguna *Hennar voru spor*.

- 25. 06. – 27.08. *Tjáning án orða* – Sýning Listsmiðju fyrir fólk á flóttu frá Úkraínu.
- 02.09. Myndamorgun Héraðsskjalasafns í umsjón Jóhönnu Skúladóttur.
- 03.09. – 01.10 *Móðir, kona, meyja* – samsýning Svanheiðar Ingimundardóttur, Tinnu

Gunnarsdóttur og Töru Bjarkar Helgadóttur.

- 08.09. Uppskeruhátíð sumarlestur.
- 16. 09. - 30.10 Ljósmyndasýning um réttir í Borgarbyggð.
- 08.10.- 04.11. *Brot af sjálfsævisögu* – Sýning Ásu Ólafsdóttur.
- 14.10. Myndamorgun Héraðsskjalasafns í umsjón Jóhönnu Skúladóttur.
- 20.10. *Hvað er svona merkilegt við það að fara í leitir?* Fyrirlestur Ásdísar Haraldsdóttur.
- 20.10 *Fantasíur Matta* – Sýning á verkum Matthíasar Margrétarsonar.
- 04.11. Myndamorgun Héraðsskjalasafns í umsjón Jóhönnu Skúladóttur.



BORGARBYGGÐ

- 13.11.- 13.01 *Gaumstol, fantasíur og fúgur til fjalla* – Sýning á verkum Guðlaugs Bjarnasonar.

- 18. 11. Myndamorgun Héraðsskjalasafns í umsjón Jóhönnu Skúladóttur.

- 27. 11. Aðventudagskrá í Safnahúsinu.

- 27. 11. - 31.12. *Jól í Safnahúsinu* – Sýning á munum tengdum jólunum úr safnkosti.

- 02.12. Myndamorgun Héraðsskjalasafns í umsjón Jóhönnu Skúladóttur.

- 13. 12. *Hættið þessu fíkti strákar* – Kynning á bók Særunar Lísu Birgisdóttur.

-15.12. *Gaddavír og gotterí* – Kynning á bók Lilju Magnúsdóttur.

- 16.12. Jólaföndur í umsjón Evu Láru Vilhjálmsdóttur.

Auk framan taldra viðburða var bókaklúbbur eitt kvöld í mánuði allt árið og foreldramorgnar alla miðvikudags morgna á vegum bókasafnsins. Sýningin *Ævintýri fuglanna* sem hefur verið önnur af tveimur föstum sýningum Safnahússins var opin almenningi frá júní og fram til áramóta á opnunartíma Safnahússins, en *Börn í 100 ár* var tekin niður í byrjun febrúar eins og áður sagði.

1.2. Starfsmannamál

Í byrjun árs 2022 störfuðu hjá Safnahúsinu 3 starfsmenn í fullu starfi. Guðlaug Dröfn Gunnarsdóttir sérfræðingur á safni, Jóhanna Skúladóttir héraðsskjalavörður og Sævar Ingi Jónsson héraðsbókavörður. Ásmundur Þór Guðmundsson var í 50% starfi og var aðstoð bæði við skjalasafn og bókasafn. Helga Jóhannsdóttir sá um ræstingu og Sandri Shabansson afleysingu. Í sumarvinnu var Lilja Jakobsdóttir í 50% starfi við skráningu á skjalasafni og Sandri kom inn í 100% starf yfir sumarið. Vert er að hafa í huga að töluverð fjarvera var vegna veikinda og átti Covid sinn þátt í því þannig voru í heildina 107 veikindadagar skráðir árið 2022. Við árslok 2022 störfuðu hjá Safnahúsi Borgarfjarðar 7 starfsmenn í 4,7 stöðugildum.

Í október 2021 urðu breytingar á skipuriti Safnahússins og starf forstöðumanns Safnahúss lagt niður. Í framhaldi af því var ákveðið að fara í greiningar og stefnumóta vinnu á málefnum Safnahúss og var það fyrirtækið Strategía sem hélt utan um þá vinnu. Á meðan á þessari vinnu stóð tók sveitarstjóri Þórdís Sif Sigurðardóttir við sem yfirmaður Safnahúss með aðstoð frá Maríu Neves samskiptastjóra hjá Borgarbyggð. Nýtt starf forstöðumanns menningarmála var auglýst sumarið 2022. Eftir mat ráðningarnefndar var Þórunn Kjartansdóttir ráðin í stöðuna. Hún hóf störf 1. ágúst. Forstöðumaður menningarmála er



BORGARBYGGÐ


yfirmaður Safnahúss Borgarfjarðar og undirsöfn þess ásamt því að bera ábyrgð á menningarmálum Borgarbyggðar.

1.3. Fjárhagur

Í fjárhagsáætlun Borgarbyggðar ársins 2022 var Safnahúsi Borgarfjarðar úthlutað 79.161.528 kr. Þar af var innri leiga 19.325.928 kr. og rekstur húsnæðis 1.874.145 kr. Launakostnaður var 43.702.603 kr. Heildar útgjöld fyrir árið 2022 voru 71.979.003 kr. eða 7.182.525 kr. lægri en áætlanir gerðu ráð fyrir, helgast það annarsvegar af lægri launakostnaði þar sem ekki var ráðið í yfirmanns stöðu fyrr en síðsumars og hins vegar vegna minni umsvifa fyrri hluta árs en vonir stóðu til¹. Tekjur Safnahúss voru lítið eitt minni en áætlanir gerðu ráð fyrir eða því sem nemur 1.487.797. Vegur þar mest að aðgangseyrir inn á sýningar var lítil sem enginn þetta árið og ekki var sótt um styrki til Safnaráðs Íslands fyrir sýningum eða innra starfi eins og oft hefur verið. Styrkir til Safnahúss voru þó einhverjir og er vert að þakka fyrir þá. Eftirtaldir styrkir fengust fyrir starfsemi Safnahúss:

Safnaráð Íslands v. símenntunar starfsmanna	237.316,-
Uppbyggingarsjóður Vesturlands	250.000,-
Þjóðskjalasafn rekstrastyrkur skjalasafna	699.648,-
Þjóðskjalasafn verkefnastyrkur skjalasafna	120.000,-

Framlag Skorradalshrepps og Hvalfjarðarsveitar til Safnahúss og safna þess nam 2.073.423 kr. og eru samkvæmt þjónustusamningi þessara sveitarfélaga við Borgarbyggð.



¹ Til samanburðar voru útgjöld árið 2021 samtals 86.965.122 kr.



BORGARBYGGÐ

1.4. Húsnæði og öryggismál

Safnahús Borgarfjarðar er staðsett við Bjarnarbraut 4 - 6. Það húsnæði var upprunalega reist fyrir Þrjónastofu Borgarness árið 1978 og er því að stofni til iðnaðarhúsnæði. Safnahúsið hefur verið með starfsemi sína í húsinu frá 1987, fyrst á 2. hæð og risi en núna hefur Safnahúsið til umráða allt húsið. Auk þess eru munir og gögn safnanna varðveitt í geymsluhúsnæði við Sólbakka og í fyrrum sláturhúsi í Brákarey. Húsnæðið í Brákarey er engan vegin fullnægjandi en þó með innbrots-reyk- og lekavörum sem tengdir eru við Securitas.

Á Bjarnarbraut er leka- og brunavarnarbúnaður, tengdur viðvörunarkerfi Securitas (Pálssafn, skjalasafn, sýningarsalir, geymsluloft og bókasafn). Hreyfiskynjarar eru við innganga og brunaútgangar eru merktir og tryggðir. Rýmingaráætlun er fyrir hendi og Slökkvilið Borgarbyggðar er með lykil að byggingunni. Á Sólbakka er einnig öryggiskerfi auk þess sem Slökkvilið hefur eftirlit með húsnæðinu. Vinnueftirlitið skoðaði húsið á Bjarnarbraut í lok árs 2022 og skýrsla þeirra send til umsjónarmanns fasteigna. Safnahús hefur starfsleyfi og nýtur viðurkenningar Safnaráðs Íslands.



2. Héraðsbókasafn Borgarfjarðar

Héraðsbókasafn Borgarfjarðar var stofnað 1956 þegar sett voru á Alþingi lög og skyldur sveitarfélaga til að halda úti almennings bókasöfnum. Saga bókasafna og lestrafélaga í héraðinu er þó meira en 100 árum eldri.

Afgreiðslutími bókasafnsins var frá 13:00 -18:00 alla virka daga og frá júní 2022 var bætt við laugardagsopnun 11:00 -13:00. Frá október varð sú breyting á opnunartíma að bætt var við morgun opnun tvisvar sinnum í viku og þá opið 10:00 -16:00 miðvikudaga og föstudaga. Sævar Ingi Jónsson héraðsbókavörður sér um dagleg störf á bókasafninu, innkaup og umsjón með safnkosti, heldur utan um grisjunaráætlun og afgreiðslu. Sandri Shabansson sá um afgreiðslu á laugardags opnunum og tilfallandi afleysingu.

2.1 Tölulegar upplýsingar

Gestir á bókasafninu á árinu 2022 voru 5560 manns sem er um 1200 fleiri en árið á undan. Heildarfjöldi eintaka í Gegni í árslok 2022 var 45.763 eintök. Heildarútlán á árinu 2022 voru 7326 eintök (þar með taldar endurnýjanir).

2.2 Safnkostur og grisjun

Á árinu var nýtt bókasafnskerfi tekið í notkun. Kerfið er að mörgu leyti nokkuð ólíkt fyrra kerfi. Héraðsbókavörður og Sandri Shabansson sóttu nokkur fjarnamskeið til að læra á nýja kerfið. Um haustið hófst nokkuð umfangsmikil grisjun á safnkosti í aðalsal, hillurekkar voru tæmdir og færðir þannig að aukið pláss skapaðist inn á safninu. Unnið var eftir ákveðinni grisjunarstefnu og grisjunarviðmiðum, þar ræður mestu um útlán bókar, ástand bókar og hvort upplýsingar í henni standist tímans tönn þegar meta skal fræðibækur.

Aukið var talsvert við spilaeign safnsins á árinu en útlán á spilum hefur færest í vöxt síðustu ár og kemur að einhverju leyti í stað útleigu á hljóðbókum og DVD sem dalað hefur á síðasta ári enda útgefna efni á áþreifanlegu formi nánast verið hætt á þeim efnisflokkum og streymis- og efnisveitum á netinu ætlað að leysa það af hólmi.

2.3 Helstu verkefni og viðburðir

Bókasafnið hélt utan um ýmis verkefni á árinu. Foreldramorgnarnar héldu áfram alla miðvikudagsmorgna en þeir voru settir á dagskrána á árinu 2021. Þar mæta foreldrar ungabarna (einkum mæður) og eiga stund saman með börnum sínum frá 10-12 og þiggja



veitingar í boði hússins. Mæting var með miklum ágætum fyrri hluta árs 2022 en dró heldur úr henni um haustið. Gestir þessa morgna voru alls 280 talsins á árinu. Fyrst var um aukaopnun bókasafnsins að ræða fyrir þennan hóp en um haustið var opnunartímanum breytt og húsið opnaði klukkan 10 fyrir alla.

Í maímánuði var bókaklúbburinn Þráður stofnaður á bókasafninu en meðlimir hans hittast einu sinni í mánuði (að jafnaði fyrsta miðvikudag í mánuði) og ræða þá bók sem fyrir valinu varð í það og það skiptið yfir kaffibolla og öðrum léttum veitingum. Meðlimir halda úti facebookhóp þar sem skilaboð fara á milli félaga. Skráðir félagar eru um 15 en misjafnt er hversu margir mæta mánaðarlega, mest hefur fjöldinn á einum fundi farið í 9 féлага.

Rétt eins og fyrri ár var blásið til sumarlesturs á meðal nemenda á yngsta- og miðstigi grunnskóla. Skipulagning var í höndum Sandra Shabanssonar sumarstarfsmanns ásamt héraðsbókaverði. Viðburðurinn var með líku sniði og áður en þó voru veittar sérstakar viðurkenningar ef ákveðnum bóka fjöldi náð (lesnar 5 bækur, tíu bækur og svo framvegis) fjöldi þátttakenda var svipaður og árin á undan eða um 30. Lestrinum lauk svo formlega með uppskeruhátíð sem haldin var í byrjun september, nú síðdegis í staðinn fyrir árla dags eins og fyrri ára.

Matthías Margrétarson opnaði sýningu á veggjum bókasafnsins þann 20. október *Fantasíur Matta*. Þar sýndi hann 60 myndir sem unnar eru með tölvutækni en einnig voru nokkur olíumálverk. Sýningin sem innihélt ýmsar ævintýraverur hékk á veggjum bókasafnsins fram í janúar 2023. Gaman er að geta þess að Matti hélt sína fyrstu sýningu í Safnahúsinu árið 2009, þá aðeins tólf ára að aldri.

Heilmikil dagskrá var í Safnahúsinu öllu á aðventunni. Sem hluti af aðventuhátíð Borgarbyggðar var boðið uppá Jólafondur á bókasafninu þann 1. desember áður en kveikt var á jólatré Borgarbyggðar í Skallagrímssgarði. Það mæltist afar vel fyrir og yfir 100 manns sóttu viðburðinn í Safnahúsi. Föndrið var svo endurtekið á laugardagsopnun bókasafnsins þann 17. desember. Eva Lára Vilhjálmsdóttir kennari við Gunnskólann í Borgarness (GB) hafði umsjón með föndrinu í bæði skiptin.

Sögustundir voru á bókasafninu fyrir skólahópa þar sem starfsfólk las ýmsar jólasögur. Komu allnokkrir bekkir GB á lesturinn og elstu börn leikskólans Hraunborgar. Þann 13. des. kynnti Særún Lís Birgisdóttir nýja bók sína *Hættið þessu fíkti strákar* og þann 15. des. kynnti Lilja Magnúsdóttir sína bók *Gaddavír og Gotteri*.

Þá eru ótaldar ýmsar uppstillingar bóka í tengslum við ákveðin þemu eða tímamót. Jafnframt er reynt að brjóta upp opnun á laugardögum öðru hvoru með smáum viðburðum og má þar til dæmis nefna Bangsaday sem haldin var í lok október. Einnig komu nokkrir hópar á



bókasafnið á árinu eins og vant er, meðal annars hópur nýbúa frá Úkraínu sem kom til að kynna sér bókasafnið í fylgd með Íslenskukennara sínum á Bifröst.



BORGARBYGGÐ

3. Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar

Héraðsskjalasafnið var stofnað árið 1961. Safnið starfar samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn, reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994 og samþykkt um Héraðsskjalasafn Borgarfjarðar frá 2011. Umdæmi skjalasafnsins er Borgarbyggð með þjónustusamning við Skorradalshrepp og Hvalfjarðarsveit. Afgreiðslutími skjalasafnsins er frá kl. 8:00 -16:00 virka daga nema á miðvikudögum er hann á milli kl. 8:00 -12:00 og hægt er að sitja í lestrarsal Safnahússins til kl. 17:00. Gögn skjalasafnsins eru varðveitt í skjalageymslu að Bjarnarbraut og einnig í geymslu Safnahúss að Sólbakka 13-15. Umsjónarmaður safnsins er Jóhanna Skúladóttir héraðsskjalavörður.

3.1 Tölulegar upplýsingar

Afhendingar til héraðsskjalasafnsins á árinu 2022 voru 35 en voru 55 árið 2021. Engar stórar afhendingar voru á árinu, en aðföng ársins fylltu tæplega 5 hillumetra af skjölum en til samanburðar árið áður komu þá 13 hillumetrar. Skráðar gestakomur á skjalasafnið árið 2022 voru 107 en árið áður voru skráðar gestakomur 87 talsins. Skráð erindi og fyrirspurnir ársins 2022 voru 170 en 150 talsins árið áður. Skráður var fjöldi askja sem notaðar voru af safngestum á lessal og reyndust þær vera 135 árið 2022 en 155 árið 2021. Millisafnalán voru 4 árið 2022 en engin árið 2021.

3.2 Helstu verkefni, viðburðir og miðlun

Hefðbundin starfsemi skjalasafnsins felst í viðtöku skjala afhendingaskyldra aðila og einkaaðila, skráningu og aðgengi að safnkostinum, afgreiðslu fyrirspurna, eftirlit og ráðgjöf með skjalahaldi afhendingaskyldra aðila og því að stuðla að miðlun og rannsóknunum á safnkostinum.

Aðfangaskrá safnsins og skjalaskrá eru skráðar í FileMaker Pro 16 gagnagrunn. Ekki hefur náðst að skrá öll aðföng svo að vel sé í skjalaskrár og bíður það betri tíma en í afhendingaskrá er skráð strax við komuna. Skjöl frá skilaskyldum aðilum koma yfirleitt skráð og flokkuð og komin í viðeigandi umbúðir en það sem kemur frá einkaaðilum er að mestu óskráð og þá þarf að ganga frá þeim afhendingum með viðeigandi hætti.

Héraðsskjalavörður sótti vörfund opinberra skjalasafna og vörðstefnu Þjóðskjalasafns 30. og 31. maí. Á vörfundinum var fjallað um fjölbreytt efni eins og kannanir á



ríkisskjölum, aðgang að viðkvæmum gögnum, grisjunarbeiðnir, eftirlitskannanir, sagt var frá innviðaverkefnum Þjóðskjalasafns þar sem unnin var tæknistefna og greindir rafrænir innviðir og fl. Efni vorráðstefnunnar var um hag stjórnsýslunnar og réttindi borgaranna út frá 1. grein laga um opinber skjalasöfn. Héraðsskjalavörður sótti einnig ráðstefnu Félags héraðsskjalavarda á Íslandi sem haldin var á Dalvík 5.-7. október. Á ráðstefnum þessum er stunduð jafningjafræðsla þar sem starfsfólk safnanna fjallar um þau mál sem það er að vinna í og hefur aflað sér þekkingar á í bland við aðkomna fyrirlesara. Boðið var upp á mörg gagnleg og góð erindi m.a. um skönnun og miðlun og um rafræna skjalavörslu. Á ráðstefnunni skrifuðu allir héraðsskjalaverðir undir viljayfirlýsingu þess efnis að söfnin vinni saman að rafrænni skjalavörslu m.a. með því að koma upp sameiginlegu móttökuveri allra héraðsskjalasafna. Í framhaldi af ráðstefnunni var stofnaður stýrihópur héraðsskjalasafna um rafræn skil. Héraðsskjalasafn Árnesinga og Héraðsskjalasafn Kópavogs leiða vinnuna um rafræna langtímaförslu og vonandi fer að koma skrið á þau mál á næstunni.

Eitt af hlutverkum héraðsskjalasafnsins er að miðla úr safnkosti sínum og tók safnið þátt í nokkrum samsýningum safnanna í Safnahúsi sem voru m.a. hannyrðasýningin „Hennar voru spor“, haustsýning um réttir og smalamennsku og sýning á ýmsu sem tengist jólunum.

Myndgreiningafundir hafa verið haldnir á vegum safnsins. Skjávarpi hússins bilaði þannig að hlé varð á fundum um tíma en eftir að keypt var stórt og gott sjónvarp voru haldnir 6 fundir þar sem kom fólk og aðstoðaði safnið við að greina ljósmyndir.

Héraðsskjalasafnið miðlar skjalaskrá og skjölum á heimasíðu Safnahúss Borgarfjarðar safnahus.is. Enn vantar mikið upp á að allar skjalaskrár séu birtar á vef en eintak af skjalaskránum er til útprentað til skoðunar. Skjalasafnið er með facebook síðu þar sem það auglýsir t.d. myndamorgna og birtir oft með góðum árangri óþekktar ljósmyndir til að biðja fólk um að þekkja. Ljósmyndum úr eigu safnsins er einnig miðlað á www.sarpur.is. Skjalasafnið er með öðrum héraðsskjalasöfnum, Þjóðskjalasafni Íslands, Landsbókasafni Íslands-Háskólabókasafni aðili að vefnum einkaskjalasafn.is sem er samskrá yfir einkaskjalasöfn. Einnig er skjalasafnið aðili að óðfræðivefnum Braga, <https://bragi.arnastofnun.is/> og hefur þar sett inn kveðskap úr safninu.

1.3 Aðföng á Héraðsskjalasafnið árið 2022

(Númer afhendingar, skjalamyndari, stærð afhendingar, hver afhenti)

2022/1 Magnús Jósefsson (1932-2020) Borgarnesi. 0,03 hillumetrar. Arndís Stefánsdóttir afhenti.

2022/2 Björgunarsveitin Heiðar. 0,03 hillumetrar. Brynjólfur Guðmundsson afhenti.



BORGARBYGGÐ

2022/3 Slysavarnadeild Þverárþings. 0,03 hillumetrar. Brynjólfur Guðmundsson afhenti.

2022/4 Þorsteinn Böðvarsson (1902-1977) Grafardal. 0,01 hillumetrar. Brynjólfur Guðmundsson afhenti.

2022/5. Þórður Pálmason (1899-1991) Borgarnesi. 0,01 hillumetrar. Geirlaug Jóhannsdóttir afhenti.

2022/6. Hestamannafélagið Faxi. 0,43 hillumetrar. Guðrún Fjeldsted afhenti.

2022/7. Bændaskólinn á Hvanneyri. 0,03 hillumetrar. Guðfinna Hreiðarsdóttir afhenti.

2022/8. Astrid Sigrún Kaaber (1932-2022). 0,03 hillumetrar. Willy Petersen og Ragnheiður Arnkelsdóttir afhentu.

2022/9. Björgunarsveitin Brák. 1,70 hillumetrar. Einar G. Pálsson afhenti.

2022/10. Sveinfríður Sigurpálsdóttir (1948). 0,01 hillumetrar. Sveinfríður Sigurpálsdóttir afhenti.

2022/11. Þorvaldur (Thor) Friðriksson (1921-2001) frá Borgarnesi. 0,03 hillumetrar. Lisa Fridriksson Mandula afhenti.

2022/12. Björg Ólafsdóttir (1921-2022) frá Brimilsvöllum. 0,03 hillumetrar. Snorri Sigurðsson afhenti.

2022/13. Slysavarnasveitin Þjóðbjörg. 0,08 hillumetrar. Einar G. Pálsson afhenti.

2022/14. Ástríður Björk Steingrímsdóttir (1950). 0,01 hillumetrar. Ástríður Björk Steingrímsdóttir afhenti.

2022/15. Bergur Sigurðsson (1919-1992) frá Kolsstöðum. 0,03 hillumetrar. Helga Hansdóttir afhenti.

2022/16. Gunnar Valdimarsson (1923-2021) frá Vatnsfjarðarseli. 0,03 hillumetrar. Hermann Gunnarsson afhenti.

2022/17. Borgarnesbær. 0,03 hillumetrar. Ingibjörg Hargrave afhenti.

2022/18. Freyjukórinn. 0,05 hillumetrar. Jónína Eiríksdóttir afhenti.

2022/19. Kirkjukór Reykholtssóknar. 0,03 hillumetrar. Jónína Eiríksdóttir afhenti.

2022/20. Orgel- og söngmálasjóður Bjarna Bjarnasonar Skáney. 0,03 hillumetrar. Jónína Eiríksdóttir afhenti.

2022/21. Ungmennafélag Reykdæla. 0,05 hillumetrar. Jónína Eiríksdóttir afhenti.

2022/22. Reykholtskirkja. 0,03 hillumetrar. Jónína Eiríksdóttir afhenti.

2022/23. Kleppjárnsreykjaskóli. 0,05 hillumetrar. Jónína Eiríksdóttir afhenti.

2022/24. Einar Þorsteinsson (1919-1982) frá Efri-Hrepp. 0,05 hillumetrar. Kristín Einarsdóttir afhenti.

2022/25. Kristín Einarsdóttir (1949) Reykjavík. 0,03 hillumetrar. Kristín Einarsdóttir afhenti.



2022/26. Jón Hermannsson (1924-2014) Borgarnesi. 0,08 hillumetrar. Helga Ragnarsdóttir afhenti.

2022/27. Arinbjörn Magnússon (1897-1978) Borgarnesi. 0,05 hillumetrar. Ragnheiður Brynjúlfsdóttir afhenti.

2022/28. Ari Gíslason (1907-1995) frá Syðstu-Fossum. 1,76 hillumetrar. Salvör Aradóttir og Inga Guðmunda Aradóttir afhentu.

2022/29. Sigurður B. Runólfsson (1885-1955) frá Norðtungu. 0,01 hillumetrar. Ingibjörg Hargrave afhenti.

2022/30. Skátafélagið Valur Borgarnesi. 0,03 hillumetrar. Ingibjörg Hargrave afhenti.

2022/31. Guðrún Ormsdóttir (1938-2023) Borgarnesi. 0,03 hillumetrar. Kristín Helga Gísladóttir afhenti.

2022/32. Félagsheimilið Þinghamar Varmalandi. 0,03 hillumetrar. Brynjólfur Guðmundsson afhenti.

2022/33. Sókarnefnd Leirársóknar. 0,03 hillumetrar. Kolbrún Sigurðadóttir afhenti.

2022/34. Svanur Steinarsson (1960) Borgarnesi. 0,03 hillumetrar. Svanur Steinarsson afhenti.

2022/35. Borgarbyggð. Félagsstarf aldraðra. 0,05 hillumetrar. Guðleif Andrésdóttir afhenti.



BORGARBYGGÐ

4. Munasafn

4.1 Almennt um starfið á árinu 2022

Munasafn er samheiti yfir þrjú söfn: Byggðasafn Borgarfjarðar, Náttúrugripasafn Borgarfjarðar og Listasafn Borgarness. Umsjón með sýningum, rannsóknum og munum þessara þriggja safndeilda hafði Guðlaug Dröfn Gunnarsdóttir fram eftir ári og eftir það Þórunn Kjartansdóttir þegar hún tók við forstöðu Safnahúss.

Í byrjun árs var tekin ákvörðun um að loka og taka niður grunnsýninguna *Börn í 100 ár*. Sú sýning opnaði 2008 og hafði því staðið í tæp 14 ár með litlum breytingum. Ástæða þess að tekin var ákvörðun um að taka niður grunnsýninguna með helst til stuttum fyrirvara var annarsvegar sú að hugmyndir voru uppi að nýta sýningarrýmið sem tímabundna geymslu fyrir muni safnana, því vart hafði verið við leka í núverandi varðveisluhúsnæði að Sólbakka². Hins vegar hafði sýningin staðið lengi og var komin þörf fyrir að hlú að mörgum þeim munum sem voru til sýnis til að forða þeim frá hugsanlegum skemmdum. Byrjun ársins fór í þá vinnu að taka niður sýninguna, hlú að safnkostinum, hreinsa og ganga frá og teygðist á þeirri vinnu inn í árið 2023 vegna aðstæðna í Safnahúsinu. Ævintýri fuglana sem sömuleiðis er á fyrstu hæð Safnahúss var opin fyrir gesti bróðurpartinn af árinu og heimsóknir gesta þeim að kostnaðarlausu, ekki var haldin skrá yfir fjölda þeirra sem komu á þá sýningu árið 2022.

4.2 Tölulegar upplýsingar

Sjö styttri sýningar auk sýningarinnar *Ævintýri fuglanna* voru í boði fyrir gesti Safnahúss árið 2022 og má áætla að bilinu 1000- 1200 gestir hafi sótt þessar sýningar, en það eru ekki áreiðanlegar tölur þar sem aðeins á hluta af þessum sýningum var haldið utan um gestakomur og liggja ýmsar ástæður fyrir því sem ekki verða tíundaðar.

Miðlun er bara einn angi safnastarfs en eðli málsins samkvæmt sá sýnilegasti, hinar megin stoðir safnastarfs eru rannsóknir og varðveisla. Í starfi sem þessu er mikilvægt að búa eins vel um hvern mun eins og kostur er, velja honum stað við hæfi skrá nákvæmlega staðsetningu hans, svo varðveisla hans þjóni upphaflegum tilgangi að varðveita fyrir framtíðina menningarminjar samfélagsins. Munur á safni af þessari stærðargráðu sem ekki

² Niðurstaðan varð síðan sú að fallið var frá fyrirhuguðum framkvæmdum, hægt var að komast fyrir lekan á Sólbakka og við lok árs 2022 var sú staðsetning áfram aðal varðveislurými Safnahúss en samaskapi ljóst að slíkt yrði ekki um langa hríð en því framtíðarsýn sveitarfélagsins miðaði að annarskonar notkun á húsnæðinu að Sólbakka en varðveisluhúsnæðis.



er með skráða nákvæma staðsetningu í varðveislu er í reynd týndur gripur, því langan tíma getur tekið að hafa upp á honum innan um þá ríflega 10.200 gripi sem varðveittir eru í munasöfnunum. Nákvæm skráning og nákvæmt skipulag varðveislu er undirstaða markvissar vinnu og yfirsýnar yfir safnkostinn. Rannsóknir sem fóru fram voru í tengslum við sýningarnar *Hennar voru spor, Réttir og Jól í Safnahúsinu*.

Safnkostur listasafns Borgarness hefur verið allur ljósmyndaður og skráður á rafrænan hátt og færður inn í Sarp, sem er sameiginlegur skráningargrunnur safna á Íslandi. Frumrit af ljósmyndum hefur aftur á móti glatast því lausa gagnadrifið sem þau voru varðveitt á finnst ekki þrátt fyrir mikla leit.

Safninu barst gjöf frá Íslandsbanka en árið 2021 ákvað bankinn að gefa listaverkasafnið sitt sem taldi 203 verk. Listasafn Borgarness fékk tvö verk að gjöf, annars vegar *Við Breiðafjörð* eftir Svein Þórarinsson og hins vegar verk eftir Ásgrím Jónsson.

Byggðasafnið hefur á skrá aðfangabók 10237 muni og er alltaf stærri og stærri hluti þess fullskráður inn á Sarp, töluverð vinna er þó eftir. Ekki voru skráðir neinir nýir munir í aðfangabók fyrir árið 2022.

Í náttúrugripasafninu eru um 800 munir skráðir og hér um bil allir sem búið er að ljósmynda og skrá í Sarp. Ljóst er að þörf er á grisjun í safninu, munir sem ekki hafa staðist tímans tönn eða óværa komist í og skemmt.

4.3 Helstu verkefni og viðburðir

Undir munasafn heyrir eins og áður hefur komið fram þrír safnhlutar sem eiga það sameiginlegt að safneign þeirra er að stærstum hluta áþreifanlegir munir sem bæði þurfa umtalsvert pláss og aðhlynningu til að tíminn verði þeim ekki að falli. Þessir sömu munir eru líka það sem oftast er ekki sýnilega við safnastarf. Í kaflanum hér að framan er útlistað nákvæmlega hve stór og fjölbreytt safneignin er og starf sérfræðings á safninu að stórum hluta að huga að og hugsa um safnkostinn. Strax í febrúar 2022 byrjaði mikil vinna við að hlúa að og ganga frá til geymslu munum sem verið höfðu á sýningunni *Börn í 100 ár*. Þetta er nákvæmnisverk, skoða þarf alla hluti, hreinsa, pakka og ganga frá á fyrir fram skráðan stað. Við lok árs var þessi vinna ekki að fullu lokið, þó er ekki hægt að skrifa það á umfang verkefnisins heldur manneklu (lítið var hægt að vinna í verkefninu frá júlí).

Í byrjun árs hófst líka undirbúningur fyrir sumarsýningu Safnahússins, í Hallsteinssal, *Hennar voru spor : Arfur frá fortíð til framtíðar* en sýningarstjórnun var í höndum Katrínar Jóhannesdóttur. Sýningin opnaði 20. apríl og stóð til 19. ágúst. Á sýningunni gaf að líta



borgfirskt handverk frá fyrri tíð. Mikil heimildarvinna liggur að baki sýningu sem þessari og þar Héraðskjalavörður hitan og þungan af þeirri vinnu. Áætla má að ríflega 548 gestir hafi heimsóttu sýninguna miðað við gestabók sem lá frammi meðan sýninginn stóð yfir. Í tilefni Brákarhátíðar var opnuð sýning í stiga og holi Safnahúss, þar sem sýndur var afrakstur listasmiðju fyrir fólk á flóttu frá Úkraínu. Christine Attensperger hafði umsjón með þessu verkefni. Sýningin var uppi til 27. ágúst og allir þeir sem áttu leið í Safnahúsið gátu notið.

Í byrjun september auglýsti Safnahúsið eftir þátttöku íbúa í örsýningu um göngur og réttir. Óskað var eftir ljósmyndum sem teknar hefðu verið í einhverjum að þeim fjölmörgu réttum og leitum sem haldið er til á hverju hausti í sveitarfélaginu og safnaðist 259 myndir, bæði gamlar og nýjar. Var þeim, auk mynda frá skjalasafninu, varpað upp á skjá fyrir gesti að skoða. Auk þess voru valdar úr myndir sem voru prentaðar út og voru hluti af örsýningu. Á sýningunni voru jafnframt munir af byggðasafninu stillt sem tengdust réttum of fjárragi. Stóð sýningin fram til loka október og lauk með fyrirlestri Ásdísar Haraldsdóttur *Hvað er svona merkilegt við að fara í leitir?*, sem byggði á meistara ritgerð Ásdísar í þjóðfræði frá Háskóla Íslands.

Þriðja september opnaði í Hallsteinssal sýningin *Móðir, kona, meyja*. Á sýningunni voru verk þriggja ættliða, þeirra Svanheiðar Ingimundardóttur, S. Tinnu Gunnarsdóttur og Töru Bjarkar Helgadóttur. Hugmyndafræði sýningarinnar var að kalla fram hvernig list getur erfst á milli kynslóða og sameinað þær. Sýningin stóð til 1. október og 125 sóttu sýninguna miðað við gestabók.

Næsta sýning í Hallsteinssal var yfirlitsýning Ástu Ólafsdóttur *Brot af sjálfsævisögu í myndum* sem opnaði 8. október og stóð til 4. nóvember. Á sýningunni voru verk eftir Ástu bæði gömul og ný en hún hefur starfað sem listamaður í yfir 50 ár. Á sýninguna komu 184 samkvæmt gestabók. Síðasta sýning í Hallsteinssal árið 2022 var malverkasýningin *Gaumstol, fantasíur og fúgur til fjalla* þar sem Guðlaugur Bjarnason listmálari sýndi verk sín. Guðlaugur, eða Gulli, hefur lengi starfað í myndlist. Það sem er sérstakt við þessa sýningu var að Gulli notast við hjólastól vegna lömunar í vinstri hlið líkamans eftir heilablóðfall og glímir við svokallað gaumstol sem merkja má á myndum hans.

Auk sýninga í Hallsteinssal var opnuð 27. nóvember lítil jólasýning í anddyri Safnahússins þar sem munir tengdir jólahaldi voru til sýnis auk þess sem jólakveðjur ríkisútvarpsins frá 1948 og 2005 frá Borgarfjarðar og mýrarsýslu hljómuðu og myndbandsupptökur Einars Ingimundarsyni frá um 1970, þar sem mátti sjá jólaskemmtun og svipmyndir frá jólaundirbúningi í Kaupfélagi Borgfirðinga.



5. Lokaorð

Hér að framan hefur verið talið upp og útlistað helstu verkefni og áherslur Safnahúss Borgarfjarðar ár árinu 2022. Árið var á margan hátt ár breytinga í Safnahúsinu, bæði er varðaði starfsfólk og skipulag. Í farvatninu eru ennþá stærri breytingar sem aðalega snúa að munasafni og bókasafni, með undirbúningi að nýrri grunnsýningu og breytingum og grisjun á bókasafni. Það er gott starf og fjölbreytt starf sem fer fram innan veggja Safnahússins og sátt ríkir um starfsemi þess bæði innan veggja hennar og utan.



BORGARBYGGÐ